

7. Stjórnarfundur Andvara 2010 – 2011

Fundurinn var haldinn mánudaginn 10.maí kl.19:00.

Mætt voru *Ingibjörg G. Geirsdóttir, Guðjón Árnason, Hrafnhildur Pálsdóttir, Hulda Jóhannsdóttir, Sigfús A. Gunnarsson og Þórdís Anna Gylfadóttir.*

Dagskrá fundarins

1. Styrkur frá Garðabæ.

Greiðslur til Andvar skv.samningi dagsettum 31.mars 2011

Rekstrarstyrkur:

1.greiðsla 27. apríl 2011	1.200.000
2.greiðsla 15. ágúst 2011	1.200.000
3.greiðsla 15. okt. 2011	<u>1.200.000</u>
Samtals	3.600.000

Styrkur til barna og unglingsstarfs

Greiðsla 15. júní 2011 **1.800.000**

2. Firmamót Andvara var haldið föstudaginn 22.apríl. Stuðnigsaðilar mótsins voru: G.Á Byggingar, Gerpla ehf, Kænan, Arion banki Garðabæ, Lífland, Drösull, Dýraspítalinn Víðidal, Stjörnuþykk, Íslandsbanki Garðabæ, ÍS-Spor, H. Jónsson ehf, Bílamálun Halldórs, Söðlaverkstæði Jóns Sigurðssonar, Jóhann Ólafsson – fasteigna og skipasali, Viðskiftahúsið, Summit fasteignafélag, Góa sælgætisgerð, Útfararþjónusta Íslands, Vagnar og þjónusta ehf. De CODE / Íslensk erfðagreining og söfnuðust 345.000kr.

3. Sameiginleg æskulýðsmót Andvara og Gust var haldið þriðjudaginn 3.maí. Mótið var styrkt af BM-Vallá 50.000 kr og Úrvals-eldhús ehf 50.000 kr.

4. Kostnaður við æfingar fyrir Æskan og hesturinn skiptist jafnt á milli Andvara og Gusts.

5. Saga félagsins.

Kristinn Hugason er ekki tilbúinn að taka að sér að skrá sögu félagsins en er tilbúinn að vera í ritnefnd sem sér um að safna efni í ritið og síðan yrði fenginn einstaklingur til að skrasetja. Ingibjörg verður fulltrúi stjórnarinnar í þeirri nefnd.

Búið er að sækja um styrk til UMSK og verður það tekið fyrir á fundi hjá þeim í júní. Ef þeir hafna styrkbeiðninni verður ekki ráðist í verkið.

6. Rekstrarhringur

Búið er að gera rekstarhring fyrir neðan nýja hringvöllinn og tengist reiðleið fyrir ofan gamla hringvöllinn. Hringurinn er 1250m að lengd.

Rekið verður á laugardags- og þriðjudagsmorgnum. Safnast er saman kl.7.15 og fyrsti hópur rekin kl.7.30. Rekið verður í 20-25 hesta hópum.

Nauðsynlegt er að skrá sín hross í reksturinn hjá rekstrarstjóra, Guðjón Árnason síðasta lagi deginum áður.

Ekki er leyfilegt að reka hross á öðrum tímum.

Rekstrarhringurinn er eingöngu ætlaður félagsmönnum Andvara

7. Sameining Andvara og Gusts.

Lítið hefur gerst í sameiningamálum. Gustarar eru enn að reyna semja við Kópavogsbæ um uppbyggingu á svæðinu. Stjórnarmeðlimir voru sammála um það að það liggi ekki á sameiningu fyrir en Gustarar eru búnir að ganga frá sínum málum við Kópavogsbæ

8. Íþróttamót verður haldið 21. – 22. maí. TM mun styrkja mótið um 50.000 kr. Jón Ó. Guðmundsson var beðin um að ganga til liðs við mótanefnd til að aðstoða fyrir mótið.

9. Andvara svæðið.

Gera þarf lagfæringar á neðra hringgerðinu.

Ástæða þykir til að vekja athygli þeirra sem hafa staflað heyrúllum utandyra að það sé ekki leyfilegt.

11. Önnur mál

Jónina og Rabbi munu vera með reiðskólann í sumar.

Búið er að fá aðstöðu fyrir keppnishesta barna unglunga og ungmenna á landsmóti í sumar hjá Ingimari Jónssyni á Flugumýri.

Fundi slitið.